



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 18. nóvember 2013

Sáttargerð vegna brots á 125. gr. og 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 15. október 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og X, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., með sér sátt vegna brots á 125. gr. og 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst X við því að hafa brotið gegn 125. gr. og 126. gr. vvl. Annars vegar með því að hafa ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni sem fruminnherji og hins vegar með því að hafa ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni sem fruminnherji þegar félög sem voru fjárhagslega tengd X áttu víðskipti með 10.000.000 hluti í Glitni banka hf. hinn 18. febrúar 2008.

Í 125. gr. vvl. er kveðið á um skyldu fruminnherja til að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá útgefandanum, áður en hann eða aðili sem er fjárhagslega tengdur fruminnherjanum, á víðskipti með fjármálagerninga útgefandans, sem hann er fruminnherji í. Í 126. gr. vvl. er kveðið á um skyldu fruminnherja til að tilkynna regluverði útgefanda áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á víðskipti með fjármálagerninga útgefandans.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin 412.500 krónur.